

## Starf flugklasans Air 66N 10. mars – 19. okt 2017

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

### Markaðssetning

Flugklasinn tók á móti hópi blaðamanna frá Japan dagana 25.-27. apríl. Hópurinn kom hingað á vegum Finnair flugfélagsins, en ferðin var þáttur í kynningu finnska flugfélagsins á flugi frá Helsinki til Keflavíkur. Norðurlandið var tekið sérstaklega fyrir og voru hér **6 blaðamenn** ásamt fulltrúa Finnair í 3 daga.



Verkefnastjóri fór á Routes Europe 23.-25. apríl. Routes Europe er ferðasýning þar sem flugvellir og flugfélög leiða saman hesta sína. Að þessu sinni fór flugklasinn (Norðurland) sem sjálfstæður aðili (Tourism Authority) á ferðasýninguna en ekki viðhengi Isavia eins og hingað til. Þetta var gert til þess að tryggja að Norðurland væri kynnt sérstaklega sem áfangastaður með Akureyri sem lendingarstað. Gott samtarf var á milli flugklasans og Isavia á sýningunni og þessi tilraun virkaði enn betur en áætlað var. Flugklasinn fékk 11 fundi en Isavia Regional fékk 10. Samtals náðust fundir með **15 mismunandi flugfélögum** auk nokkurra flugvallafunda, sem er mjög góður árangur því einungis er miðað er við að hvor aðili geti fengið 8 fundi. Þetta sýnir þann áhuga sem er orðinn á nýjum áfangastað á Íslandi til viðbótar við Keflavík/Reykjavík.

Í lok maí stóðu MN og flugklasinn fyrir FAM ferð fyrir **11 íslenskar ferðaskrifstofur** um Norðurland. Er þetta þriðja ferðin af þessu tagi um Norðurland á einu ári. Að þessu sinni var ferðast um Norðurhjarasvæðið og áhersla lögð á fuglaskoðun, hið ósnerta og miðnætursól.

Ákveðið var að vinna **nýtt myndband um Norðurland**, með sérstakan fókus á að kynna áfangastaðinn fyrir flugfélögum. Flugklasinn framleiddi myndbandið með Tjarnargötunni í Reykjavík með stuðningi KEA svf, Jarðbaðanna, Sigló Hótel, Hótel Kea, Höldur og SBA. Tökur fóru fram í júní og júlí og afraksturinn var tilbúinn í ágúst. Myndbandið er mjög vel heppnað og hefur nú þegar nýst flugklasanum mjög vel í kynningarstarfi og viðræðum við flugfélög og ferðaskrifstofur. Það mun nýtast áfram og áform eru um að vinna fleiri slík myndbönd á næstu misserum. Myndbandið má sjá hér <https://youtu.be/tQbFilim6zM>. Sértök útgáfa var unnin af myndbandinu þar sem ýmis tölfræði var sett inn til að auka gildi myndbandsins fyrir flugfélög og ferðaskrifstofur, þá útgáfu má sjá hér <https://youtu.be/mydSRN17T6w>.

Dagana 20. – 24. sept. tók flugklasinn á móti 7 blaðamönnum sem komu hingað fyrir tilstilli Icelandair í Skandinavíu. Í byrjun október kom svo Super Break ferðaskrifstofan í heimsókn með fagurt föruneysi. Hópurinn taldi **12 manns** og samanstóð af starfsfólki Super Break, söluaðilum sem starfa með Super Break og blaðamönnum frá stórum fjölmiðlum í Bretlandi. Þau voru hér í tæpa 3 daga að kynna sér kosti



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Norðurlands, innviði og þjónustu. Ferðin var hluti af undirbúningi og kynningu á flugi Super Break frá Bretlandi sem mun hefjast 12. janúar 2018 og verður nánar sagt frá síðar í skýrslunni.

## Flugfélög

Eitt af flugfélögum sem verkefnastjóri átti fund með á Routes Europe var flugfélagið Nordica, sem áður hét Estonian Air og er staðsett í Eistlandi. Það félag sýndi áhuga á að setja upp flug milli Akureyrar og Kaupmannahafnar næsta sumar. Seint í maí komu fulltrúar félagsins á fund verkefnastjóra ásamt fulltrúa ferðaskrifstofunnar Trans Atlantic sem er samstarfsaðili Nordica á Íslandi. Verkefnastjóri sendi í kjölfarið upplýsingar til Nordica og málið fór í fulla vinnslu þar. Seint í ágúst átti verkefnastjóri svo aftur fund með Trans Atlantic til að ræða málið frekar. Þá var Kaupmannahöfn ekki lengur mögulegur áfangastaður, en mögulegt að fljúga frá Þýskalandi eða Svíþjóð í staðinn.

Annmarki á þessum áætlunum var að gert er ráð fyrir að öll áhætta liggja hjá heimamönnum. Þannig þyrfti að greiða fyrirfram fyrir 4 flug og leggja fram bankaábyrgðir til þess að hafa uppá að hlaupa ef illa gengur. Þannig er flugfélagið ekki að taka þátt í áhættunni og hefur því lítinn hvata til að selja vöruna ef öll ábyrgð og áhætta liggur hjá heimamönnum á Norðurlandi. Það var mat flugklasans að verkefnið væri ekki nægjanlega vel útfært (viðskiptalíkan), óljóst með söluleiðir og markaðssetningu og að það samræmdist ekki markmiðum flugklasans. Þess vegna var ákveðið að klasinn myndi ekki koma að verkefninu með fjármögnun eða öðrum beinum hætti.

Snemma í september var fundur flugklasans og MN með Air Iceland Connect (AIC) til að ræða tengiflugið á milli AEY og KEF. Flugið gekk nokkuð vel til að byrja með og Norðlendingar tóku þessum valkosti fagnandi, enda um mikinn tímasparnað og hagræði að ræða fyrir marga. Helsta gagnrýni hefur verið lítil tíðni í sumar (1 flug í viku) og brottfall fluga á sama tímabili. Tíðnin er núna komin aftur upp í 5 flug vikulega og flugklasinn hvatti AIC til að halda þeirri tíðni áfram næsta sumar. Það er forsenda þess að ferðaskrifstofur og aðrir fari að líta á þetta sem varanlegan og vænlegan valkost í ferðalögum til Norðurlands.

Flugklasinn hafði frumkvæði af því að búa til könnun til að senda farþegum sem nýta flugið á milli KEF og AEY. Verkefnið er unnið af RHA og RMF í samstarfi við MN, AIC og Isavia. Könnunin verður keyrð fram á næsta ár og verður fróðlegt að sjá niðurstöður úr henni. Könnunin ætti að skila tölfræði og upplýsingum sem geta nýst bæði flugklasnum og fyrirtækjum á svæðinu afar vel í sinni vinnu.

Stóru fréttirnar að þessu sinni eru að nú er farinn að sjást áþreifanlegur árangur af starfi flugklasans. Oft hefur staðið í þessum skýrslum að verkefnið sé langhlaup, sem það vissulega er, og að við séum alltaf að færast nær okkar takmarki, sem er líka rétt. Og nú sjáum við hverju vinna undanfarinna 6 ára er farin að skila.

Það er ánægjulegt að segja frá því að ferðaskrifstofan Super Break í Bretlandi er búin að setja upp leiguflug til Akureyrar beint frá Bretlandi í janúar og febrúar n.k. Super Break er 30 ára ferðaskrifstofa í Bretlandi og selur þessi flug sem hluta af pakkaferð til Norðurlands. Super Break hefur áður selt Bretum ferðir til Íslands, en þetta er í fyrsta skipti sem ákvörðunarstaðurinn er Akureyri en ekki Reykjavík.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Flugið hefst 12. janúar og verður tvisvar í viku í 7 vikur, samtals 14 flug. Flogið verður frá 11 mismunandi flugvöllum sem flestir eiga það sameiginlegt að vera minni „regional“ flugvellir. Flugvellirnir eru: Bournemouth (2 flug), Cardiff, East Midlands, Edinburgh, Exeter, Humberside (2 flug), Leeds/Bradford, Liverpool, London Stansted, Newcastle, Norwich (2 flug).

Eins og staðan er núna er þetta eingöngu flug fyrir farþega frá Bretlandi til Íslands sem kaupa pakkaferð. Íslendingar geta því ekki keypt staka miða í þessi flug. Talsverð eftirspurn hefur myndast eftir því að geta keypt miða héðan og Super Break er að skoða hvort hægt sé að bjóða uppá einhver sæti þannig að Íslendingar geti keypt sér ferð út. Það á eftir að koma í ljós, en eins og staðan er núna, er slíkt ekki í boði.

Það er gaman að segja frá því að Super Break hefur fengið mjög góðar viðtökur hjá ferðapjónustuaðilum hér fyrir norðan. Starfsfólk ferðaskrifstofunnar hafði orð á því að hvergi hefðu þau mætt meiri velvilja eða betra viðmóti heimafólks í undibúningi sínum fyrir nýjan áfangastað en hér á Norðurlandi. Það er góður vitnisburður fyrir allt það góða fólk sem starfar í ferðapjónustu á Norðurlandi.

Salan á pakkaferðum Super Break hefur gengið langt framar vonum, og þegar þetta er ritað er búið að selja um 2/3 af sætunum. Það er mun meira en ferðaskrifstofan reiknaði með, því enn er aðeins búið að ráðast í hluta af markaðsherferð þeirra fyrir flugið. Þeirra áætlanir núna gera ráð fyrir að selja yfir 90% af sætum í boði.

Í ljósi þessara góðu viðbragða hér á Norðurlandi og mjög góðrar sölu hefur Super Break áform um að setja upp sambærilegt flugveturinn 2018-2019, þar sem stefnt er að fleiri flugum og yfir lengra tímabil. Áætlanir eru ekki tilbúnar ennþá, en gert er ráð fyrir að þær liggi fyrir um næstu áramót. Útlit er fyrir talsvert mikla aukningu milli ára ef fram fer sem horfir. Til lengri tíma stefnir Super Break að því að hafa 2 jafnstóra áfangastaði á Íslandi fyrir sína viðskiptavini (Reykjavík og Akureyri), sem gæti þýtt 8-10 þúsund ferðamenn á hvorn stað árlega.

En ekkert af þessu gerist af sjálfu sér. Eins og áður sagði er þetta afrakstur vinnu undanfarinna ára og sú vinna heldur áfram. Verkefni flugklasans sem snúa að aðstoð við framkvæmd á borð við flug Super Break eru ansi margþætt. Flugklasinn kemur að því að skipuleggja og framkvæma ferðir fyrir söluaðila og blaðamenn í tengslum við flugið, útvega og/eða framleiða efni fyrir markaðsherferðir, koma á tengslum við heimaaðila, aðstoða Super Break við ýmist vafstur sem snýr að íslenskrri stjórnsýslu og svo margt fleira.

Áhrifin af því að flugklasnum tókst að fá Super Break til að koma hingað með sína farþega eru mikil og margþætt. Fyrst má nefna mikla umfjöllun um Akureyri og Norðurland í breskum fjölmiðlum. Bæði í minni staðbundnum miðlum kringum þá 11 flugvelli sem flogið verður frá, en líka í stóru miðlunum (sem komu m.a. í kynningarferðina hingað í byrjun október. Auk umfjallana í blöðum felur markaðsherferð Super Break í sér gerð auglýsingaspjalda, keyptar auglýsingar á prenti og í vefmiðlum og samfélagsmiðlaherferð. Þessi kynning er að gera mjög mikið í að koma Akureyri og Norðurlandi á kortið, sérstaklega á Bretlandsmarkaði.



Markaðsstofa Norðurlands  
NORDURLAND.IS

Þetta flug hingað er líka að vekja athygli annarra ferðaskrifstofa og flugfélaga erlendis. Síðan flug Super Break var tilkynnt höfum við fengið fleiri fyrirspurnir frá ferðaskrifstofum sem hafa áhuga á að senda fólk beint til Norðurlands. Einnig hefur þetta komið Akureyri miklu betur á kortið sem mögulegum áfangastað hjá flugfélögum. Öll þessi kynning og umfjöllun mun hjálpa mjög mikið til við að ná inn fleiri svona verkefnum og meira flugi. Það er búið að brjóta ákveðinn ís í þessari vegferð okkar. Fleiri flugfélög eru farin að opna bæði eyrun og hugann fyrir því að Akureyri geti verið áfangastaður í framtíðinni. Flugklasinn er í reglulegum samskiptum við erlend flugfélög og það er staðföst trú verkefnastjóra að það sé aðeins spurning um hvenær, en ekki hvort, eitt af þessum félögum slær til og setur upp áætlunarflug beint til Akureyrar.

En aftur að áhrifum af flugi Super Break í vetur. Enn eru ótaldir allir ferðamennirnir sem hingað koma á lágönn í ferðapjónustu til þess að gista, borða og kaupa þjónustu. Ef við gerum ráð fyrir 90% sætanýtingu, þá eru þetta 2.380 farþegar sem dvelja hér að meðaltali í 3,5 gistinætur, eða samtals 8.330 gistinætur. Það er ljóst að þetta mun hafa gríðarleg jákvæð áhrif á rekstrargrundvöll ferðapjónustufyrirtækja á svæðinu yfir þessa mánuði sem um ræðir. Jón Þorvaldur Heiðarsson, lektor í viðskiptadeild Háskólans á Akureyri gerði grófa útreikninga á þessum áhrifum. Hans útreikningar segja að gera megí ráð fyrir að heildarvelta í ferðapjónustu á Norðurlandi þessa 2 mánuði sem flugið stendur yfir muni aukast um 15-20% - og munar um minna!

## Innra starf

Mikið hefur verið unnið að því að koma á jöfnun á eldsneytisverði á alþjóðaflugvöllum landsins. Verkefnastjóri fór á fund fjármálaráðherra í lok maí til að ræða ónýtta peninga Flugþróunarsjóðs og jöfnun eldsneytisverðs. Stjórn flugþróunarsjóðs hefur tekið málið til umfjöllunar og flugklasinn hefur reynt að koma þessu máli að við ráðamenn við hvert tækifæri. Talsverður áhugi hefur verið meðal stjórnmalamanna í framboði fyrir komandi alþingiskosningar á mismunandi eldsneytisverði og höfum við sent stutt minnisblað um það efni til allra framboða. Þetta málefni ásamt auknu millilandaflugi um aðra flugvelli en Keflavík hefur góðu heilli komist talsvert í umræðuna hjá fulltrúum framboða og erum við mjög glöð með að hafa komið þeirri umræðu á skrið. Flugklasinn hvetur sveitarfélögin til þess að leggjast á árarnar og gera sitt til að vinna málinu framgang.

Flugklasinn hefur átt í viðræðum við Isavia um mögulegar úrbætur og/eða viðbætur á aðflugsbúnaði á Akureyrarflugvelli. Áhersla flugklasans er þar að flýta þeim verkefnum eins og hægt er, en nokkur slík eru í undirbúningi og vinnslu hjá Isavia.

Air Iceland Connect hlaut stuðning úr Flugþróunarsjóði fyrir tengiflugið á milli KEF og AEY. Reglur sjóðsins voru rýmkaðar þannig að styðja má við tengiflug milli KEF annars vegar og AEY eða EGS hins vegar, að því gefnu að það sé tengt beint við millilandaflug til KEF.

Super Break er búið að senda inn umsókn í flugþróunarsjóðinn, en ekki er búið að taka hana til meðferðar hjá stjórn sjóðsins þegar þetta er ritað.

## Hvað er framundan?

Nokkrar blaðamannaferðir eru framundan hjá flugklasnum á næstu mánuðum. Þær ferðir verða áfram unnar í nánu samstarfi við MN og Íslandsstofu eins og verið hefur.

Verkefnastjóri mun fara ásamt fulltrúum MN á World Travel Market (WTM) í Bretlandi í byrjun nóvember. Flugklasinn er nú þegar búinn að bóka fundi með flugfélögum sem hafa áhuga á beinu flugi til Akureyrar og ferðaskrifstofum einnig. Ferðin verður líka notuð til að heimsækja höfuðstöðvar Super Break í York, þar sem Norðurland verður getur kynnt fyrir starfsmönnum ferðaskrifstofunnar. WTM er ein stærsta ferðasýning sem haldin er ár hvert. Akureyri og Norðurland eru að komast inn í vitund sífellt fleiri aðila og mikilvægt að hamra það járn meðan það er heitt. Þetta er því kjörið tækifæri til að nálgast fleiri ferðaskrifstofur og flugfélög til að kynna Norðurland og minna á sig. Í sama tilgangi er stefnt er að því að flugklasinn sæki fleiri ferðasýningar af þessu tagi erlendis en verið hefur.

Áform eru um að framleiða nú í vetur fleiri myndbönd á borð við það sem gert var í sumar ásamt öðru myndefni. Slíkt efni er afar gott í markaðssetningu og gefur áfangastaðnum og okkur sem vinnum að markaðssetningu hans ákveðinn trúverðugleika. Í sumar voru nokkur ferðapjónustufyrirtæki klasans sem styrktu framleiðslu myndbandsins. Við framleiðslu á næstu myndböndum verður væntanlega leitað til fleiri fyrirtækja og þeim boðið að styðja verkefnið.

Unnið verður áfram með Super Break að undirbúningi þeirra flugs. Fyrirhugað að Chris Hagan frá Super Break komi hingað í lok nóvember, haldi hér kynningu og bjóði uppá stutta fundi með fyrirtækjum. Það gefur fólki tækifæri á að kynna sér starfseminu og fyrirtækjum tækifæri á að koma sinni vöru eða þjónustu á framfæri við Super Break. Vonir standa líka til að um það leiti liggi fyrir áætlanir Super Break um aukið flug á næsta ári.

Það er því heilmikið að gerast í flugmálum um þessar mundir og spennandi tímar framundan.



Akureyri, 19. október 2017

Hjalte Páll Þórarinnsson

Verkefnastjóri Air 66N